



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu fimmtudaginn 10.03.2011 kl. 17:15

Boðaðir: Snorri Olsen (SO), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Pálína Hinriksdóttir (PH), Þorsteinn Rafn Johnsen (PRJ) og Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ).

Mættir: Snorri Olsen (SO), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Pálína Hinriksdóttir (PH) og Þorsteinn Rafn Johnsen (PRJ), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) boðaði forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson (PG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar - Samþykkt
2. Uppgjör ársins 2010
  - a. Lagt fram til kynningar uppgjör ársins 2010. Framkvæmdastjóra falið að bæta reiknuðum afnotum ípróttamannvirkja inn í reikningana í samræmi við útreikninga Garðabæjar á styrkjum til félagsins.
3. Ípróttaskóli Stjörnunnar
  - a. JSI gerði grein fyrir að slitnað hefði upp úr viðræðum við fimleikadeild um yfirtöku ípróttaskólans. Framkvæmdstjóra og ípróttafulltrúa félagsins að undirbúa sumarípróttaskóla félagsins með sama hætti og áður.
4. Aðalfundur 2011
  - a. Aðalfundur félagsins verður haldinn í Stjörnuheimilinu 12.04.2011 kl. 18:30.
  - b. Fyrir liggur að Snorri Olsen formaður, Pálína Hinriksdóttir og Þorsteinn Rafn Johnsen gefa ekki kost á sér til endurkjörs. Jóhann Steinar Ingimundarson gefur kost á sér í kjöri til formanns félagsins og vinnur að frekari mönnun stjórnar.
  - c. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa fundinn og auglýsa í samræmi við lög félagsins.
5. Skipulag ípróttahreyfingarinnar – aðild Stjörnunnar

Í fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar dags. 03.03.2011 má lesa eftirfarandi:

#### **Fundargerð ípróttá- og tómsundaráðs frá 10/1 og 21/2 '11**

Stefán Snær Konráðsson, ræddi 2. tl., hóf í tilefni af vali á ípróttamanni Garðabæjar sem hafi verið hið glæsilegasta og öllum til sóma sem að því komu. Þá ræddi Stefán Snær 7. tl., önnur mál, þar sem sagt er frá nýstofnuðu Kraftlyftingafélagi. Stefán sagði að til umhugsunar væri hvort ekki væri tímabært að ípróttafélög í Garðabæ stæðu að stofnun héraðssambands. Stefán Snær Konráðsson, ræddi tillögur um rafræn afgreiðslukort fyrir sundlaug.

„Aðalstjórn UMF Stjörnunnar felur formanni og framkvæmdastjóra félagsins að efna til fundar forsvarsmönnum GKG, Golfklúbbsins Odds og Hestamannafélagsins Andvara um mögulega sameiginlega hagsmuni félaganna í stofnun sérstaks héraðssambands eða ípróttabandalags í Garðabæ. Stefáni Snær Konráðssyni verði boðið að sitja fundinn.“

6. Erindi frá ja.is um samstarfsverknið „hreysti&húmor“



- a. Framkvæmdastjóri kynnti erindi frá ja.is um notkun merkis félagsins í samstarfsverkefni ja.is og Stjörnunnar. Málinu vísað til framkvæmdastjóra.
7. Önnur mál
- a. Forvarnamál- Framkvæmdastjóri vakti athygli á máli sem upp kom sl. föstudag þar sem óprúttir aðilar reyndu að tæla ungan iðkanda Stjörnunnar inn í bíl. Um leið og ípróttafulltrúa félagsins bárust upplýsingar um atvikið var viðbragðsáætlun félagsins virkjuð, lögreglu gert viðvart, haft samband við foreldraráð í deildum félagsins og ípróttafélögin í nágrannasveitarfélögnunum aðvöruð. Ípróttafulltrúi Stjörnunnar hefur veg og vanda að viðbragðsáætluninni og á heiður skilinn fyrir skelegg viðbrögð viði aðsteðtjandi vá.
  - b. Saga Stjörnunnar - JSI sagði frá fyrirhuguðum fundi hans með Guðna Th. Jóhannessyni og Steinari J. Lúðvíkssyni varðandi tengingu á sögu Stjörnunnar og sögu Garðabæjar. Aðalstjórn lýsir ánægju með þann farveg sem málið er í. JSI falið að skrifa bréf til Garðabæjar í samráði við söguritara um mögulegt samstarf.
  - c. Merki Stjörnunnar - JSI beindi þeim tilmælum til framkvæmdastjóra að farið yrði yfir með hvaða hætti merki Stjörnunnar væri aðgengilegt til notkunar í tengslum við starf félagsins.

Næsti fundur aðalstjórnar verður boðaður síðar.

Fundi slitið kl. 18:15

Ritað PGr